

Frúmvarp til laga

um

breytingu á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

1. gr.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði.

Í kaupstöðum og kaúptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, ber bólusetjara 25 aurar fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar samkvæmt 3., 4.—6. og 9. gr. laga nr. 34, 27. sept. 1901, hafi bólan komið út, en að öðrum kosti 10 aurar.

Í minni kaúptúnum og sveitum skal borgunin vera 50 aurar, ef bólan kemur út, en að öðrum kosti 20 aurar.

2. gr.

1. málsgrein 11. gr. í lögum nr. 34, 27. sept. 1901, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913.

Athugasemdir við lagafrúmvarp þetta.

I sambandi við tillögur sínar um ný yfirsetukvennalög, hefir landlæknir sent stjórnarráðinu frúmvarp til laga um breytingar á lögum nr. 34, 27. sept. 1901, um bólusetningar. Telur landlæknir að borgun sú, sem nú tíðkast fyrir bólusetningar, sje fullsæmileg í kaupstöðum og í kaúptúnum, þar sem yfirsetukona eða læknir á heima, en til sveita sje þessi borgun of litil, og megi ekki minni vera en hjer er farið fram á, 50 aurar ef bólan kemur út, en 20 aurar að öðrum kosti, enda hafi yfirsetukonur, er bólusetningarstarfið er falið, þráfaldlega kvartað undan að borgunin sje ófullnægjandi.

Er stjórnarráðið þessum tillögum landlæknis að öllu leyti samdóma.
